

Skýrsla stjórnar

Stjórn SKÍ fyrir árið 2012-2013 skipuðu

Páll Grétarsson formaður, Árni Rudólf Rudólfsson varaformaður, Óskar Garðarsson gjaldkeri, Margrét Halldórsdóttir ritari, Birgir Gunnarsson, Egill Ingi Jónsson og Friðbjörn Benediktsson meðstjórnendur. Í varastjórn sátu Helgi Geirharðsson, Óskar Óskarsson og Ögmundur Knútsson.

Stjórnin hélt níu bókaða fundi á starfsárinu og voru þeir allir haldnir á höfuðborgarsvæðinu utan tveir, sem haldnir voru á Akureyri. Bæði aðalmenn og varamenn voru boðaðir til allra funda stjórnar. Auk formlegra funda eru stjórnarmenn í tölvu- og símasambandi um málefni hreyfingarinnar, sumir daglega og jafnvel oft á dag þegar þörf krefur, aðrir sjaldnar.

Starf Skíðasambands Íslands er drifið áfram af starfi nefnda sambandsins og stjórnarfundir í raun fyrst og fremst vettvangur samstarfs og ákvarðanatöku. Hér að neðan er stiklað á stóru í helstu verkefnum vetrarins. Ítarlegri upplýsingar um starfið er síðan að finna í skýrslum nefndanna.

Alpagreinar

Á Skíðapingi á Ísafirði í fyrra var undirritaður samningur við Fjalar Úlfarsson þá nýráðinn landsliðsþjálfara okkar í alpagreinum. Fjalar hefur reynst traustsins verður og hefur með krafti sínum og áhuga unnið afar gott starf með keppendum okkar á starfsárinu.

Við áttum öflugan hóp keppenda á Heimsmeistaramóti í Schladming og Heimsmeistaramóti unglunga í Quebec í Kanada.

Skíðaganga

Það er kraftmikill en því miður allt of fámennur hópur sem heldur úti skíðagöngustarfi sambandsins. Ágætt samstarf við Linus Davidsson landsliðsþjálfara hefur reynst sambandinu farsælt og mikilvægt að tryggja að framhald verði á. Við áttum keppendur á HM á Ítalíu og nú hillir undir að við eigum aftur keppendur í skíðagöngu á Vetrarólympíuleikum í fyrsta skipti síðan í Lillhammer 1994.

Hagsmunir og samstaða

Í byrjun árs úthlutaði Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands afreksstyrkjum til íþróttafólks og sérsambanda auk þess sem okkar fólk fékk styrki frá Alþjóða Ólympíunefndinni (IOC) til undirbúnings fyrir Sochi 2014. Aðkoma SKÍ að þeirri úthlutun er að raða okkar keppendum, í raun áður en fyrir liggur hversu margir styrkir fást.

Fimm skíðamenn fengu IOC styrk. Stjórn SKÍ hafði samþykkt að tveir piltar og tvær stúlkur í alpagreinum fengju styrk auk eins skíðagöngumanns.

Fyrir áeggjan stjórnar SKÍ og fleiri sérsambanda fór Afrekssjóður ÍSÍ þá leið að úthluta stærri hluta en áður til sérsambandanna til ráðstöfunar í stað þess að úthluta beint til einstakra íþróttamanna eins og verið hefur.

Í framhaldinu ákvað stjórn SKÍ að styrkja sérstaklega þá keppendur í landsliði og unglingsliði sem ekki fengu IOC styrk. Þetta var gert í þeim tilgangi að reyna eins og kostur er að jafna aðstöðu þeirra sem mest leggja á sig fyrir íþróttina.

Því miður hafa verið nokkrar væringar innan hreyfingarinnar vegna þessarar ákvörðunar, þannig að forráðamönnum sumra þeirra iðkenda sem fengu stóru (IOC) styrkina virðist þykja sanngjarnt að þeirra skjólstaðingar fái hærri styrki í sinn hlut og þá hinir væntanlega ekki neitt.

Þrátt fyrir að aðferðafræði stjórnar SKÍ við úthlutun styrkja og forgangsröðun iðkenda gagnvart úthlutuninni hafi verið rækilega kynnt, sáu forráðamenn sumra iðkenda ástæðu til að efast um heilindi stjórnar SKÍ í málinu og kalla ítrekað eftir rökstuðningi og frekari gögnum.

Aðstaða og mótamál

Eitt helsta áhyggjuefni skíðahreyfingarinnar er fækun iðkenda og aðstöðuleysi.

Nokkur fækkun hefur orðið þegar skoðuð er þátttaka á skíðamótum vetrarins. Að hluta má skýra fækkunina með breytingu á aldursflokkaskiptingu sem tók gildi í vetur en hitt er alvarlegra að ekki verður betur séð en viðvarandi fækkun sé í íþróttinni undanfarin ár. Aðstöðuleysi skíðamanna á að mati stjórnar sambandsins stóran þátt í fækkun iðkenda, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Á liðnum vetri sendi stjórn Skíðasambands Íslands formlegt erindi til allra framkvæmdastjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu þar sem áhyggjum sambandsins af aðstöðuleysi skíðamanna var lýst og óskað eftir viðræðum um þetta mikilvæga mál. Í bréfinu var fjallað um snjóframleiðslu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og möguleikann á skíðahúsi í Úlfarsfelli.

Þegar þetta er skrifað hafa borist formleg svör frá bæjarstjórunum í Garðabæ og Mosfellsbæ auk þess sem orðið hefur vart við bókanir um efnið í fundargerðum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Vonir standa til þess að boðað verði til fundar á næstu vikum.

Fjármál

Eins og reikningar sambandsins bera með sér er á brattann að sækja í fjáröflunum auk þess sem kostnaður skíðagöngunefndar fór fram úr áætlunum í tengslum við þátttöku á HM. Rúmlega tveggja milljóna tap á rekstri sambandsins á árinu er ekki áhyggjuefni. Ef málin eru skoðuð í samhengi eru reksturinn í jafnvægi ef tekin eru tvö síðustu ár og nokkur hagnaður ef skoðuð eru þrjú ár.

Til lengri tíma litið er það ekki keppikefli að safna sjóðum en um leið mikilvægt að fjárhagur sambandsins sé tryggður. Það gefur okkur vonandi tækifæri til að styðja ögn betur við bakið á okkar besta skíðafólki. Stefnt er að því að þátttaka landsliðsfólks á stórmótum verði þeim að mestu að kostnaðarlausu á komandi ári þó áfram beri þeir allan kostnað af eigin útgerð í tengslum við æfingar og keppni að öðru leiti.

Skíðasambandið er skuldlaust og ekki um neinar langtíma skuldbindingar að ræða.

Útbreiðslumál

World Snow Day – Alþjóðlegi snjódagurinn var nú haldinn í annað sinn. Verkefnið er mikilvægt fyrst og fremst í þeim tilgangi að auka áhuga yngstu iðkendanna.

Útbreiðslunefnd briddaði upp á ýmsum nýjungum í starfi sínu. Nýbreytinin lofar góðu.

Mannanna verk

Í lok vetrar 2012 lagði Skíðaráð Reykjavíkur (SKRR) fram kæru á hendur Skíðasambandi Íslands vegna útreiknings á bikarstigum í 15-16 ára flokki í alpagreinum. Málið snerist um hvaða mót ættu að koma til útreikings bikarstiga vetrarins og á rætur sínar að rekja til mistaka sem urðu við framsetningu upplýsinga um stöðuna í bikarkeppni SKÍ.

Skíðadómstóll dæmdi í málinu og tók undir sjónarmið SKRR. Stjórn SKÍ hugðist una dómnum en á fyrsta fundi nýrrar stjórnar komu upp þau sjónarmið að líklegt væri að stjórn SKÍ myndi þar með standa frammi fyrir öðru dómsmáli um sama efni. Niðurstaða stjórnar var þá að láta reyna á áfrýjun dómsins til æðsta dómstigs ÍSÍ þrátt fyrir að allir frestir væru löngu liðnir.

Áfrýjunardómstóllinn heimilaði áfrýjunina en niðurstaða dómsins var síðan að vísa málinu frá, en ómerkja um leið niðurstöðu Skíðadómstóls. Þessar lyktir málsins ítrekaði formaður laganevndar ÍSÍ á nýafstöðnu Íþróttáþingi, þegar hann mælti fyrir breytingu á lögum um dómstólakerfi íþróttahreyfingarinnar sem lagaðar voru fram á þinginu í beinu framhaldi af þeim ágalla á dómstólakerfinu sem kom í ljós í þessu máli.

Lagabreytingar og framtíðin

Fyrir þessu þingi liggja tillögur laga- og reglugerðanefndar SKÍ um ný lög sambandsins. Í tillögunum er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á starfi SKÍ, m.a. er gert ráð fyrir að Skíðáþing verði haldið annað hvert ár og fækkað verði í stjórn sambandsins. Um leið verði gerð breyting á nefndastarfi sem framvegis munu starfa eftir erindisbréfi sem útgefið verður af stjórn og verður þannig grunnurinn að nefndastarfinu auk fjárhagsáætlunar.

Gaman og alvara

Skíðahreyfingin eins og aðrir angar íþróttahreyfingarinnar samanstendur að stofni til af iðkendum og sjálfboðaliðum. Iðkendurnir verða með tímanum keppendur sem setja sér markmið og leggja hart að sér til að ná þeim. Þeir sem mest leggja á sig uppskera bæði mest og best. Þannig eru íþróttirnar.

Margir sjálfboðaliðanna í íþróttahreyfingunni eru fyrrum keppendur og/eða foreldrar sem komið hafa til liðs við íþróttahreyfinguna í gegnum börnin sín. Sumir láta sér nægja að fylgja börnunum sínum eftir og vinna hreyfingunni um leið gagn með þeim hætti. Aðrir hafa mikinn metnað fyrir hönd barna sinna og eru tilbúnir til að leggja á sig mikla vinnu og oft á tíðum þungar fjárhagslegar byrðar til þess að tryggja framþróun þeirra í íþróttunum. Enn aðrir veljast til trúnaðarstarfa í íþróttafélögum, héraðssamböndum, íþróttabandalögum eða sérsamböndum. Þetta er íþróttahreyfingin í hnotskurn.

Mikilvægt er að allir þessir aðilar snúi bökum saman og styðji hvern annan. Sundrung og niðurrif gera ekkert annað en skaða íþróttahreyfinguna og þar með möguleika barnanna okkar og barnabarna á að njóta þess mikilvæga uppeldis sem í íþróttunum felst.

Lokaorð

Á formannafundi sl haust tilkynnti undirritaður að hann myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku. Svo er um fleiri stjórnarmenn sem ekki gefa kost á sér til endurkjörs.

Að endingu vil ég þakka meðstjórnarmönnum mínum, nefndarmönnum og skíðahreyfingunni allri fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Þá er framkvæmdastjóra sambandsins og landsliðsþjálfurum þökkunni óeigingjörn störf í þágu hreyfingarinnar.

F.h. stjórnar SKÍ

Páll Grétarsson, formaður.

Skýrsla alpagreinaneftndar

Starfsár alpagreinaneftndar hófst að loknu skíðþingi í maí. Í nefndinni sátu: Egill Ingi Jónsson formaður, Gunnar Reynisson, Sveinn Torfason, Arnar Gauti Reynisson og Sindri Már Pálsson. Verða hér talin helstu verkefni landsliðsins rakin. Á skíðþingi 2012 var tilkynnt að Fjalar Úlfarsson hafi verið ráðinn landsliðsþjálfari.

Júni

Í júní var tilkynnt val á landsliði og unglíngalandsliði. Í unglíngalandslið voru valdir

Arnar Geir Isaksson Akureyri
Magnús Finnsson Akureyri

Freydís Halla Einarasdóttir Reykjavík
Erla Guðný Helgadóttir Reykjavík
Thelma Ruth Jóhannsdóttir Isafirði

Í A-landslið SKÍ 2012-2013 voru valdi:

Einar Kristinn Kristgeirsson Akureyri
Brynjar Jökull Guðmundsson Reykjavík
Jakob Helgi Bjarnason Dalvík
Sigurgeir Halldórsson Akureyri
Sturla Snær Snorrason Reykjavík

Erla Ásgeirsdóttir Kópavogi
Helga María Vilhjálmisdóttir Reykjavík
María Guðmundsdóttir Akureyri

María, Helga María og Erla Ásgeirs hugðust fylgja því prógrammi sem þær höfðu verið í undanfarinn ár en þær fylgja eftir prógrammi í sínum skólum í Noregi. Jakob Helgi hugðist vera í prógrammi með Bjarna Th. og Björgvini Björgvinssyni og lögð var fram áætlun um það. Aðrir sem valdir höfðu verið sögðust ætla að fylgja öllu því prógrammi sem SKÍ bauð upp.

Liðin komu saman í Reykjavík seinni hluta júní, gerð voru þrekktest á liðinu, þá voru gerðar hoppmælingar og líkams og hreyfigreiningar í samstarfi við Kine ehf. Vonumst við til að geta haldið áfram samstarfi við Kine á þessu sviði, en vönduð líkamsþjálfun verður æ mikilvægari þáttur allri þjálfun skíðamanna. Steinar Aðalbjörnsson næringafræðingur hélt fyrirlestur um næringu skíðamanna og þá hélt Róbert Magnússon sjúkarþjálfari hjá Afl endurhæfing fyrirlestur um meiðslaforvarnir, að lokum fór hópurinn í Go-kart og út að borða og varð úr hin mesta skemmtun. Allir liðsmenn voru mættir nema Einar Kristinn og Helga María. María gat ekki tekið þátt í öllum æfingum og prófum þar sem hún var nýlega búin að fara í aðgerð á hné, sama átti við um Jakob Helga og voru þau bæði á ágætis batvavegi.

ágúst

Í ágúst kom landslið og unglíngalandslið saman á Snæfellsjökli. Gist var í Ólafsvík, æft var í 4 daga frá fimmtudegi til sunnudags og voru aðstæður með allra besta móti og gengu æfingar vel, Notast var við vélsleða til að draga liðsmenn upp, Egill Ingi Jónsson, Kristinn Magnússon og Ágúst Dansson voru Fjalari til aðstoðar. Ljóst er að aðstaða til sumarskíðunar er fyrir hendi á Íslandi og er umtalsvert ódýrara að nýta sér hana en að fara erlendis. Þeir sem mættu voru Brynjar Jökull, Einar Kristinn, Arnar Geir, Sturla Snær, Sigurgeir og Erla Guðný. Þá var Jakob Helgi einnig þarna ásamt Bjarna Th. og Björgvini.

september

Í september var farið á Juvass jökul í Noregi, ferðin gekk nokuð vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður en vindur og rígning var að gera mönnum lífið leitt, engu að síður var skíðað alla dagana í

Þessari ferð. Mættir voru Brynjar Jökull, Sigurgeir, Sturla, Einar Kristinn og svo bættist Freydís við hópinn.

október

Í Október var farið til Pitzdal í Asusturríki, ferðinni var fresta um viku frá upphaflegu plani vegna snjóalaga. Aðstæður voru frábærara sól og blíða og skíðað var alla dagana sem var planað. Mjög mikil skíðun við hreint frábærara aðstæður og skíðað við hliðina á bestu landsliðum heims sem voru við æfingar fyrir Sölden fyrsta WC mót vetrarins. Kári Ellertsson fór með sem aðstoðarþjálfari í þessa ferð. Mættir voru Sturla, Einar Kristinn, Sigurgeir, Magnús, Arnar, Freydís, Erla G, Thelma og Brynjar Jökull en hann var bara hluta af ferðinni. Í þessari ferð tóku sig upp meiðsli hjá Sigurgeiri sem hafði verið að hrjá hann af og til og gat hann því ekki beitt sér að fullu. Hann fór síðar í aðgerð á hné, þannig að hann var frá æfingum og keppni fram eftir vetri vegna þess.

Nóvember /Desember

Í byrjun nóvember var fari til Geilo til æfinga og var liðið við æfingar þar allan nóvembermánuð og gengu æfingar vel, mættir voru Brynjar Jökull, Einar Kristinn, Sturla, Magnús og Arnar Geir kom svo aðeins seinna, Sturla þurfti svo að fara heim fyrir vegna meiðsla sem hann varð fyrir en þau voru ekki alvarleg og var hann komin af stað aftur innan 3 vikna, keppt var svo á nokkrum mótum í nóv og byrjun des. Ber þar hæst árangur Einars þegar hann endaði í 3. sæti og gerði 32.fis punkta sem er frábær árangur.

janúar

Í byrjun janúar var farið til Oppdal í Noregi og ættluðu þau Einar Kristinn og Thelma Rut í þá ferð en vegna veðurs á Íslandi var Thelma veðurteft á Ísafirði og komst ekki með, en þegar út var komið slóst Helga María í hópinn með þeim Einari og Fjalari til Oppdal þar gerðu þau Einar og Helga góð mót og bættu sig á heimslista í stórsvigi. Í lok janúar var farið í keppnisferð til Noregs sem undirbúningur fyrir HM og HM unglunga, í þessa ferð fór allt landsliðfólkið nema Sturla en hann var við æfingar í Svíþjóð á þessum tíma. Þarna var keppt á mörgum sterkummótum og voru okkar keppendur flestir að gera góð mót. Brynjar fór á undan hópnum til Austurríkis til æfinga, Magnús og Thelma fór síðan heim til Íslands en aðrir fóru beint á HM frá Noregi. María keppti á sínum fyrstu mótum í febrúar og náði hún 2. Sæti í sínu fyrsta svigmóti frá því hún meiddist sem er frábær endurkoma.

febrúar

Í febrúar var farið á HM í Schladming í Austurríki og HM unglunga í Quebec í Kanada, Komið var til Schladming 11. Febrúar, æfði hópinn þar fyrir mótið. Strákarnir þurftu að keppa í forkeppni til að komast inn í aðalkeppnina, Okkar keppendur voru Brynjar Jökull, Einar Kristinn, Sturla, og Arnar Geir. Brynjar Jökull náði þeim árangri að skíða sig inn í aðalkeppnina með því að ná 2. Sæti í svigi. Aðrir náðu ekki að klára fyrri ferð í forkeppninni. Í aðalkeppninni lenti svo Brynjar í 38. Sæti. Ekki náðu strákarnir sér á strik í stórsviginu en okkar keppendur voru Brynjar Jökull, Einar Kristinn og Arnar Geir, Sturla keppti ekki þar sem hann fékk ekki lögleg stórsvigskíði fyrr en kvöldið fyrir stórsvigið. Einar Kristinn keppti í aðalkeppninni í stórsvigi þar sem hver þjóð fær í það minnsta eitt sæti og hafði Einar bestu stöðu strákana. Hann lenti svo í 55. Sæti í aðal stórsvigskeppninni.

Stelpurnar þurftu ekki að keppa í forkeppni en tilkynnt var að á næsta HM muni einnig verða forkeppni fyrir konurnar. Í Svigi kepptu María, Helga María, Erla Ásgeirs og Erla Guðný. María

varð í 52. Sæti en hún var nýstigin upp úr erfiðum meiðslum, Helga María varð í 59. Sæti, Erla Guðný varð í 64. Sæti og Erla Ásgeirs keyrði út úr í fyrri ferð.

Í Stórsvigi keppti Freydís, Helga María og Erla Ásgeirs, Egill Ingi Jónsson var aðstoðarþjálfari í þessari ferð, Þórunn var aðalfarastjóri og Tómas aðstoðarfarastjóri. Óhætt er að segja að okkar fólk öðlaðist góða reynslu sem á eflaust eftir að nýtast þeim vel í framtíðinni.

Að loknu HM var haldið beint á HM unglinga, okkar keppendur þar voru Einar Kristinn, Jakob Helgi, Arnar Geir, Magnús, María, Helga María og Erla Ásgeirs, bestum árangri náði Einar Kristinn 19. Sæti í svigi og Helga María 44. Sæti í bruni og bætti hún punkta sína verulega.

Aðstoðarþjálfari í þessari ferð var Jón Viðar Þorvaldsson, einnig var Bjarni Th. Bjarnason til aðstoðar.

Í febrúar fór einnig fram Ólympíuhátið evrópuæskunar í Brasov í Rúmeníu, okkar keppendur þar voru Thelma Rut Jóhannsdóttir Ísafirði, Auður Brynja Sölvadóttir Akureyri, Alexía María Gestsdóttir Ólafsfirði, Ragnheiður Brynja Pétursdóttir Reykjavík, Kristinn Logi Auðunsson Reykjavík, Jón Elí Rúnarsson Kópavogi, Arnór Rey Rúnarsson Dalvík, Sigurður Hauksson Reykjavík. Arnór Gunnarsson var þjálfari hópsins í þessari ferð.

mars

Topolino leikarnir eru eina barnamótið sem SKÍ hefur á sinni könnu. Þátttakendur voru valdir eftir árangri í bikarkeppni SKÍ undangengis árs og kepptu þau: María Eva Eyjólfsdóttir Reykjavík, Elísa Arna Hilmarisdóttir Reykjavík, Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir Reykjavík, Arnar Ingi Kristgeirsson Reykjavík, Arnar Birkir Dansson Akureyri og Jón Gunnar Guðmundsson Reykjavík fyrir hönd Íslands. Bestum árangri náði María Eva Eyjólfsdóttir í svigi þegar hún varð í 9. sæti sem er frábær árangur. Þjálfari og verkefnisstjóri var Þórður Hjörleifsson og var Helga Björk honum til aðstoðar, María Eva náði mjög athyglisverðum árangri en hún varð í 12. Sæti í svigi og 17. Sæti í stórsvigi

apríl

Skíðamót Íslands fór fram á Ísafirði. Íslandsmeistarar í stórsvigi urðu Einar Kristinn Kristgeirsson og María Guðmundsdóttir og Íslandsmeistarar í svigi urðu Einar Kristinn Kristgeirsson og Helga María Vilhjálmsdóttir. Í samhliðasvigi urðu Íslandsmeistarar Magnús Finnson og Helga María Vilhjálmsdóttir.

Í framhaldinu var Icelandair Cup í Bláfjöllum haldið í Bláfjöllum.

maí

Æfingar hófust 4 maí við góðar aðstæður í Hlíðarfjalli og var þar með næsta tímabil hafið. Búið er að skíða 11 daga í maí sem er frá bært og vonandi náum við fleiri dögum þar sem snjór er nægur. Þetta er mjög mikilvægt að geta verið á skíðum á þessum tíma, rifja upp tækni atriði og ná löngum dögum með mikilli skíðun sem kosta ekki mikið. Mættir voru Einar Kristinn, Sigurgeir, María, Magnús og Arnar Geir.

Að lokum

Það er mat AGN og landsliðsþjálfara að vel hafi tekist til og skíðadagar voru heldur fleiri en upp var lagt með. Ákveðið var að hafa fleiri æfingar á Íslandi en áður, tókust þær æfingar ágætlega að öllu leiti nema mæting liðsmann var ekki eins góð og vonast var eftir, eins var þátttaka landsliðsfólks í verkefnum vetrarins undir þeim væntingum sem uppi voru, Einar Kristinn var

eini liðsmaðurinn sem tók þátt í yfir 90% þeirra æfinga sem í boði var fyrir þá liðsmenn sem hugsðust vera í fullu prógrammi hjá SKÍ. Ánægjulegt var að sjá hvernig María kom sterk inn í veturinn eftir erfið meiðsl, Jakob Helgi var heldur lengur að ná sér eftir hnémeiðsli en vonast var til, hann gat byrjað að skíða að einhverju marki í desember en eftir því sem leið á veturinn nálgadist hann sitt fyrra form og var komin á ágætis ról í lok vetrar. Sigurgeir þurfti að fara í aðgerð í haust og setti það stórt strík í hans markmið en hann keppti fyrst á Dalvík og svo í framhaldi á landsmóti og Icelandair cup og kom hann vel út úr þeim mótum eftir langvarandi meiðsli. Í áætlun vetrarins var gert ráð fyrir 102 skíðadögum, raunskíðadagar uður 111. Æfingar á Íslandi voru nokkrar í kringum mótin sem vor hér, æfing var á Akureyri í desember, í janúar var æfing í Oddsskarði, í mars var æfing á Akureyri og í apríl var æfing á Ísafirði Framundan eru Ólympíuleikar í Sochi í Rússlandi, vonast er til að við munum eiga 4-5 keppendur á leikunum, ráðgert er er að fjölga skíðadögum næsta tímabils í 145 daga. Að lokum vill AGN og SKÍ þakkar öllum þeim sem komu að alpagreinastarfi SKÍ með einum eða öðrum hætti.

F.H. alpagreinaneftndar SKÍ
Egill Ingi Jónsson formaður.

Skýrsla skíðagöngunefndar tímabilið 2012-2013:

Skipan nefndarinnar.

Birgir Gunnarsson, formaður
Ólafur Björnsson Akureyri
Kristján Hauksson Ólafsfirði
Jón Ottó Gunnarsson Ísafirði

Verkefni nefndarinnar eru fyrst og fremst að halda utan um landslið Íslands í skíðagöngu þ.e. velja í liðin, þjálfunarmál, skipuleggja verkefni s.s. samæfingar, keppnisferðir erlendis, aðstoða með búnaðarmál o.fl. Auk þess að koma á framfæri almennri fræðslu og upplýsingum um íþróttina og vinna að útbreiðslu hennar. Trimmnefnd er undirnefnd SGN og hana skipa; Þóroddur Þóroddsson formaður, Örn Sigurðsson og Rósmundur Númason. Skýrslu Trimmnefndar er að finna hér aftar.

Í sumarbyrjun var endurnýjaður samningur við Linus Davidsson um að halda áfram sem landsliðsþjálfari. Linus er búsettur í Ulricehamn í Svíþjóð, fyrrum keppnismaður á skíðum en starfar nú sem kennari við skíðamenntaskóla í Ulricehamn. Einnig sinnir hann fræðslumálum fyrir sænska Skíðasambandið auk þess að sinna annari þjálfun. Linus kom til landsins í júní og var þá boðað til opinna samæfingar á Akureyri fyrir 13 ára og eldri.

Undanfarin ár hefur SGN boðað til opinna samæfinga um Verslunarmannahelgi. Að þessu sinni varð Hólmavík fyrir valinu. Fjöldi manns mætti á æfinguna þ.e. bæði iðkendur og foreldrar með yngri krökkunum. Þetta fyrirkomulag hefur heppnast mjög vel og var mætingin á Hólmavík framar öllum vonum, veðrið lék við hópinn og má telja víst að samæfing með þessu fyrirkomulagi verður endurtekin næsta sumar.

Linus kom svo aftur til landsins í október og hélt fjölmenna samæfingu í Reykjavík. Samstarfið við Linus hefur verið ánægjulegt og hefur hann nýst afar vel í starfi sínu sem landsliðsþjálfari. Þar að auki hefur hann tekið að sér samninga um búnaðarkaup fyrir liðið og hafa náðst hagstæðir samningar. Samningurinn við Linus gerir ráð fyrir að A-liðið sé með aðsetur í Ulricehamn hluta ársins. Sævar og Brynjar Leó dvöldu í Ulricehamn frá september og fram í mars. Samningurinn við Linus sem gerður var í fyrra er til tveggja ára þ.e. fram yfir ÓL í Sochi 2014.

Landslið.

Nefndin tók þá ákvörðun að velja tvo einstaklinga í A landslið. Auk þess var valið yngri lið til þátttöku á Olympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Brasov í Rúmeníu. Skipan liðanna keppnistímabilið 2012/2013:

A-landlið: Sævar Birgisson, Ólafsfirði
Brynjar Leó Kristinsson, Akureyri

Yngri lið: Sindri Freyr Kristinsson, Akureyri

Yngri lið v/ÓL hátíð: Elena Dís Víðisdóttir, Ísafirði
Jónína Kristjánsdóttir, Ólafsfirði
Ragnar G. Sigurgeirsson, Akureyri
Hákon Jónsson, Ísafirði

Verkefni:

Sem fyrr segir voru haldnar tvær opnar samæfingar fyrir 13 ára og eldri undir stjórn Linusar í júní og október. A-liðið fór í 10 daga æfingaferð til Ramsau í Austurríki í október og gátu þeir æft þar við mjög góðar aðstæður á jöklinum þennan tíma. A-liðið var síðan við æfingar og keppni í Svíþjóð og Noregi og var mesta áherslan á þátttöku í FIS mótum.

Sævar náði sínum langbesta árangrí í byrjun desember á móti í Idre í Svíþjóð en þar varð hann í 15 sæti af 156 keppendum í sprettgöngu. Fyrir þetta fékk Sævar 86 fis punkta sem er langt undir Ólympíulágmörkum sem eru 120 fis punktar í þessari grein. Brynjar Leó var mjög nálægt Ól lágmörkum á FIS móti í Östersund þar sem hann náði 104 Fis punktum í distanse en þar eru Ól lágmörkin 100 Fis punktar. Þeir Sævar og Brynjar eru því stöðugt að bæta stöðu sína FIS-listanum og stefna ótrauðir á að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Sochi á næsta ári.

Stærsta verkefni A-liðs á liðnum vetri var þátttaka á Heimsmeistaramótinu sem fram fór í Valdifiemme á Ítalíu í febrúar. Þátttaka á þessu móti var gríðarlega mikilvægur liður í ÓL undirbúningi þeirra. Á þetta mót fór einnig þjálfari þeirra ásamt smurningsmanni og fararstjóra. Strákarnir stóðu sig vel en Sævar var búinn að vera veikur í þrjár vikur fyrir mótið og var því ekki hægt að búast við því að hann bætti sinn fyrir árangur á þessu móti.

Staðan í dag er því sú að við höfum skíðagöngumenn sem hafa raunhæfa möguleika á að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikunum í Sochi á næsta ári. Langt er síðan við höfum átt skíðagöngufólk á Ólympíuleikum og vonast skíðagöngunefnd eftir að hægt verði að styðja þessa drengi vel fram að Ólympíuleikum. Það er einnig mikilvægt fyrir yngri iðkendur okkar að þeir sjái að þetta er raunhæfur möguleiki og vonandi kveikir þessi góði árangur landsliðsins okkar í vetur áhugan hjá sem flestum.

Stefnt er að svipuðu uppleggi varðandi A-liðið næsta tímabil þ.e. að þeir verði búsettir í Svíþjóð fram yfir Ólympíuleikana. SGN setti saman reglur um val á þátttakendum í Sochi sem sendar voru til ÍSÍ til samþykktar. Tíminn til að ná lágmörkum er fram til 19. janúar 2014. Til að öðlast þátttökurétt á ÓL þarf að ná undir 120 Fis punktum í sprettgöngu og undir 100 Fis punktum í lengri vegalengdum. Næsta keppnistímabil byrjar í nóvember og er stefnt að þátttöku A-liðsmanna á Fis mótum og markmiðið að ná Ól lágmörkum.

Í janúar valdi SGN fjögur ungmenni til þátttöku í verkefni á vegum ÍSÍ sem er Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar. Hátíðin fór fram að þessu sinni í Brasov í Rúmeníu. Það var ánægjulegt að geta valið tvo drengi og tvær stúlkur til þátttöku þar sem þar með var hægt að taka þátt í boðgöngu á hátíðinni í fyrsta sinn af Íslands hálfu. En boðgöngusveitir eru blandaðar sveitir beggja kynja. Valið var byggt á ástundun og árangri viðkomandi en þeir sem valdir voru til þátttöku í verkefninu voru; Elena Dís Víðisdóttir Ísafirði, Jónína Kristjánsdóttir Ólafsfirði, Hákon Jónsson Ísafirði og Ragnar G. Sigurgeirsson Akureyri. Krakkarnir stóðu sig með sóma en bestum árangri náði Ragnar Gamalíel. Fararstjóri í ferðinni var Kristján Hauksson. Markmiðin fyrir yngra liðið næsta tímabil eru m.a. er æfinga/keppnisferð til Svíþjóðar og mögulega þátttaka á Nordisk Juniorlandskamp.

Fjármál.

Fjárhagur SGN er afar þröngur en langstærsti útgjaldaliðurinn er launakostnaður landsliðsþjálfara. Þar fyrir utan hefur SGN úr mjög litlum fjármunum að spila og getur nánast ekkert stutt við bakið á A-liðinu. Þeir sjá því nánast alfarið um sig sjálfir að öðru leyti en því að Linus sér um að skipuleggja þjálfun þeirra ásamt því að skrá þá á mót og skipulag í kringum það. Ferðakostnaður, húsaleiga, búnaður, fatnaður o.fl. er allt útgjaldaliðir sem þeir þurfa alfarið að fjármagna sjálfir. SGN var meðvituð um að útgjöld myndu fara eitthvað framúr fjárhagsrammanum á þessu tímabili. Ástæðan var eingöngu vegna þátttöku á HM. Þátttakan á HM er hins vegar ávísun á tekjur frá FIS sem skilar sér strax á næsta tímabili. Af þeim sökum var það rétt ákvörðun að mati SGN að taka þátt í því verkefni og greiða rekstrarhalla á þessu tímabili með þeim nýju tekjum sem skila sér til skí á næsta tímabili. Það er því verjandi, að okkar mati í þessu ljósi, að kosta þessu til og í leiðinni búa til enn meiri tekjur í framtíðinni.

Staða skíðagöngunnar.

Veturinn var nokkuð hagstæður skíðafólki og ágætlega tókst til með að halda bikarmót skv. mótaþlani og einnig gekk framkvæmd Íslandsgöngunnar vel. Við sjáum að svona vetur skilar sér strax í aukinni ástundun og meiri þátttöku á mótum. Þátttaka í Íslandsgöngunni var mjög góð og met slegið í þátttöku í Fossavatnsgöngunni sem verður stærri og glæsilegri með hverju árinu. Einnig voru keppendur í skíðagöngu á Andrésar Andarleikunum yfir 100 talsins að þessu sinni sem er mjög ánægjulegt. SMÍ fór fram á Ísafirði og var framkvæmd og skipulag skíðagöngunnar til fyrirmyndar hjá Ísfirðingum eins og alltaf. UMÍ fór fram í Oddskarði og komu norðanmenn að skipulagi og framkvæmd skíðagönguhluta mótsins sem tókst ágætlega.

Við eigum í dag mikið af ungu og efnilegu skíðagöngufólki sem við þurfum að hlúa að og hvetja með öllum ráðum. Þáttur SGN í að aðstoða félögin í grasrótarstarfinu er að standa fyrir samæfingum og námskeiðum og koma á góðum samskiptum milli félaga og eins milli félaga og Skíðasambandsins. Skíðagöngunefnd hvetur mótshaldara í skíðagöngu bæði í Íslandsgöngum og bikarmótum til að vanda til við framkvæmd mótana. Mikilvægt er að mótshaldarar vandi til við umgjörð mótanna og að keppnisvöllurinn sé til sóma. Þarna skipta ýmis smáatriði heilmiklu máli s.s. merking brauta, marksvæði, öflugt hljóðkerfi, spiluð sé músík fyrir start og reynt að skapa þannig skemmtilega og jákvæða stemmingu kringum mótin. Þetta verður síðan til þess að skapa jákvæða upplifun bæði áhorfenda og keppenda og gæti verið leið til að vekja meiri áhuga fjölmiðla.

Það er afar mikilvægt fyrir framgang og vöxt skíðahreyfingarinnar að við séum vakandi fyrir því að nýta öll tækifæri sem gefast til að minna á okkur í fjölmiðlum. Þannig færum við þá viðburði sem við stöndum fyrir nær almenningi. Einnig að passa uppá að úrslit móta ásamt umfjöllun og myndum séu send til fjölmiðla. SKÍ þarf að beita sér í því að samskipti og upplýsingamiðlun til fjölmiðla verði gerð skilvirkari með öllum ráðum. Skíðagöngunefnd hvetur einnig til þess að mótahald á landsvísu í skíðagöngu verði tekið til endurskoðunar og endurskipulagningar. Í vetur var gerð tilraun með að halda bikarmót og Íslandsgöngu á sömu helgi á sama stað. Þetta fyrirkomulag gafst vel og full ástæða til að gera meira í þessa veru.

F.h. Skíðagöngunefndar

Birgir Gunnarsson formaður

Skýrsla Trimmnefndar Skíðagöngunefndar SKÍ tímabilið 2012-2013.

Trimmnefnd var skipuð af Skíðagöngunefnd þann 9. júlí 2012 og sátu í henni Örn Sigurðsson frá Húsavík, Rósmund Númason frá Hólmavík og Þóroddur F. Þóroddsson frá Reykjavík sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Í skipunarbréfi var tíundað að megin verkefni nefndarinnar væru (1) að skipuleggja Íslandsgöngumótaröðina í samráði við mótanefnd og mótshaldara og sjá um kynningu á henni fyrir almenning, (2) leita leiða til að auka áhuga almennings á skíðagönguþróttinni almennt og (3) ljúka vinnu við að útbúa kröfulýsingu fyrir mótshaldara Íslandsgöngunnar.

Nefndin hélt ekki fundi en skiptist á upplýsingum með tölvupóstum.

Í nóvember var rætt um að nefndin þyrfti að setja sér mælanleg markmið og var því varparð fram að stefna bæri að því að tvöfalt fleiri einstaklingar tækju þátt í Íslandsgöngunni 2013 en árið 2012. Þetta markmið náðist ekki en samanlagður fjöldi þátttakenda í Íslandsgöngunni 2013 varð 192 samanborið við 135 árið 2012 en þá fóru aðeins fram 5 göngur en 6 núna í ár.

Íslandsgangan. Mótanefnd sá um niðurröðun mótanna en trimmnefnd kom að málum þegar fresta þyrfti göngum og ákveða nýjar dagsetningar. Nefndin sendi frá sér fréttatilkynningu um Íslandsgönguna í heild til SKÍ og óskað eftir að SKÍ sendi hana út þar sem það hefði meira vægi en frá nefndinni. Nefndin sendi í flestum tilvikum einnig út fréttatilkynningar um einstakar göngur. Útbúið var

veggspjald og gaf Árn Tryggvason vinnu við hönnun þess, en einstök félög sáu um útprentun og dreifingu. Nefndin kom því til leiðar að Íslandsgangan er nú með fast svæði á heimasíðu SKÍ og hefur séð um að efni er sett þar inn svo sem úrslit í einstökum göngum og stigatafla. Nefndin gerði einnig lista yfir efnisþætti sem þarf að fjalla um á heimasíðunni og hún vinnur að. Nefndin skilaði þann 1. apríl tillögum til Skíðagöngunefndar um breytingar á reglum um Íslandsgönguna til umræðu á Skíðaþingi 2013. Unnið er að því að taka saman upplýsingar um alla vinningshafa í einstökum flokkum Íslandsgöngunnar og viðhalda merkingum á farandbikurum.

Þátttaka almennings. Nefndin sendi skíðagöngunefnd (10. október) lista með hugmyndum um hvernig mætti stuðla að auknum áhuga almennings á skíðagöngu, umfram það sem einstök félög/skiðasvæði eru að gera. Í framhaldinu setti nefndin niður forgangs röðun þessara verkefna og áætlun um í hvaða mánuðum æskilegt væri að lokið væri vinnu við ákveðna þætti. Meðal annars var bent á mikilvægi fræðslu í sjónvarpi, öflun og dreifing upplýsinga um smíði skíðaspora, dekkjalvartara og annars búnaðar sem auðveldar lagningu spora úti um landið. Einnig öflun upplýsinga um hvar spor eru lögð, skíðaleigur, hvar skíðabúnaður fæst, hvar hjólaskíði fást, hvar boðið er upp á kennslu/tilsögn og kynning á þessu og mikilvægi hvatningar til skíðafélaga um að bjóða upp á tilsögn fyrir almenning og skrif í héraðsblöð. Bent var á að æskilegt væri að birta upplýsingar um skíðagöngur/mót erlendis ekki sýst fyrir unglina, sem mætti vera þeim hvatning til að stunda skíðagöngu. Hrint var í framkvæmd hluta þessara verkefna en þau þurfa að vera áfram á verkefnaskrá trimmnefndar og Skíðagöngunefndar.

Kröfulýsingu fyrir mótshaldara Íslandsgöngunnar. Þann 17. október 2012 sendi trimmnefnd til Skíðagöngunefndar tillögur sínar um endurskoðun á bæklingi með leiðbeiningum fyrir skipuleggjendur almenningsmóta í skíðagöngu.

Póroddur F. Póroddsson, formaður trimmnefndar

Skýrsla Snjóbrettanefndar

Starfsár Snjóbrettanefndar hófst að loknu skíðaþingi í maí 2012. Í nefndinni sitja: Friðbjörn Benediktsson formaður, Jóhann Borgþorsson, Kristján Kristjánsson, og Viktor Helgi Hjartarsson.

Á skíðaþingi 2012 var brettanefndin stofnuð undir merkjum SKÍ. Með það að markmiði að iðkendur á snjóbretti hafi möguleika á komandi árum að sækja stærri alþjóðleg mót eins og t.d. að taka þátt á Ólympíuleikum. Með stofnun þessarar deildar innan SKÍ eru snjóbrettaiðkendur skíðafélaga komnir undir ÍSÍ og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands. Brettanefndin hittist nokkru sinnum til að vinna og skilgreina starf Brettanefndar.

Á þessum fundum var farið yfir hvernig mótahaldi skyldi háttað. Brettadeildir innan skíðafélagana stóðu fyrir þremur mótum í vetur, Bretta og bikarmót sem haldið var á Akureyri í febrúar og annað Bretta og bikarmót í Bláföllum. Snjóbrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum, Þar voru rétt um 70 iðkendur skráðir til leiks og komu þeir frá; SKA, Breiðablik, Fjarðabyggð, Siglufirði, Ísafirði, og Tindastóli en það var í annað sinn sem keppt var á snjóbrettum á þessum leikum.

Einnig var skoðuð möguleg þátttaka snjóbrettaiðkenda á næstu Ólympíuleikum í Rússlandi. Framan af vetri hafði einn Íslendingur möguleika á að safna sér inn fispunktum til þess að taka þar þátt. En eins og staðan er í dag eru ekki miklar líkur á að hann nái tilskyldum punktafjölda.

Farið var yfir þjálfaramál og hvernig þálfun væri best háttað. Til tals hefur komið að reyna að fá bæði þjálfara og dómara til landsins til að halda námskeið og fara yfir alþjóðlegar reglur í kring um snjóbrettaiðkun. Með það að markmiði að flestir þjálfarar og dómarar hafi tilskilin réttindi hvað varðar þjálfun og dómgæslu. Þetta er það sem brýnast er að vinna að á næstu mánuðum og helst að reyna að halda svona námskeið fyrir næsta tímabil. Í undirbúningi er að stofna ferða- og fjárhagsnefnd og er markmið hennar að halda utan um ferðir og ferðakostnað iðkenda í verkefnum á vegum Skíðasambands Íslands. Í þessari nefnd koma til með að sitja þrír fulltrúar.

Á næsta starfsári liggur fyrir að setja á námskeið eins og fyrr segir fyrir þjálfara og dómara, ákveða mót og fyrirkomulag þeirra ásamt, punktaútreikningum til Bikarmeistaratíls. Snjóbrettanefnd þakkar þeim sem komu að starfi nefndarinnar og lögðu hönd á plóg. Einnig er rétt að þakka styrktaraðilum SKÍ fyrir þeirra framlög.

F.H snjóbrettanefndar: Friðbjörn Benediktsson

Skýrsla mótanefndar SKÍ 2012 – 2013.

Mótanefnd SKI skipuðu Óskar Óskarsson formaður, Hannes Bjarnason Reykjavík, Kári Jóhannesson Akureyri og Benedikt Hermannsson Ísafirði.

Drög af mótatöflu í göngu og alpagreinum SKI voru lögð fram á skíðapingi á Ísafirði vorið 2012. Frestur til að gera athugasemdir voru tvær vikur. Breytingar á aldursflokkaskiptingu í alpagreinum tóku gildi fyrir skíðavertíðina en aldursflokkaskipting í göngu var óbreytt og á skjön við alpagreinar. Í fyrsta skipi var keppt á brettum á vegum SKÍ sem er góð viðbót í okkar starfi en eins og við vitum þá hefur þeim sem stunda brettaíþróttina fjölgað mikið á síðustu árum. Veturinn í vetur var hugsaður til þess að starta keppni á brettum á vegum SKÍ og sjá hvaða leiðir er best að fara í þeim málum. Brettanefndin hafði veg og vanda með mótum vetrarins og sá um allt utanumhald.

Mótanefndin hafði nóg að gera þennan veturinn þar sem illa gekk að halda mótatöflunni á réttu róli í öllum greinum. Í vetur var það ekki vegna snjóleysis því nægur snjór var á öllum skíðasvæðum landsins og aðstæður góðar sem var góð breyting frá síðustu árum. Mótanefndin hafði það að leiðarljósi að reyna hvað hún gat til að bregðast rétt við aðstæðum hverju sinni. Breytingar voru gerðar á mótatöflunni í tvígang með misjöfnum fagnaðarlátum út í hreyfingunni. Tilfærslur móta komu síðan í ofanálæg bæði í göngu og alpagreinum.

Mótanefnd SKI hefur það fyrir reglu að láta mótshaldara alfarið um að ákveða hvort mótafært er á fyrirhuguðum mótssstað eða ekki. Nefndin hefur ekki vald til þess að taka úthlutað mót af mótshaldara. Hlutverk mótanefndar er að bregðast við ef mótshaldari óskar eftir að fresta móti eða gefa það frá sér.

Eftirlitsmenn.

Eins og oft áður gekk frekar erfilega að fá eftirlitsmenn í vetur bæði alpagreinum og göngu. Það er ekki skortur á eftirlitsmönnum með réttindi heldur virðast félögin í sumum tilfellum ekki hafa á hreinu hvaða aðilar innan þeirra félaga hafa eftirlitsmanna réttindi. Mótanefndin hefur ekki beitt þeirri reglu síðustu ára að úthluta ekki mótum til félaga sem ekki tilnefna eftirlitsmenn. Það kann að vera að til þeirra ráða verði að grípa ef breyting verður ekki á og félögin tilnefna ekki eftirlitsmenn. Mótanefnd hvetur aðildarfélög SKI að fara yfir þessi mál í sínum félögum.

Á síðasta vetri var nýtt fyrirkomulag notað til þess að tengja aðildarfélög betur við mótanefnd og skrifstofu SKÍ. Þetta fyrirkomulag var tilraun sem tókst vel og var notað aftur í vetur og mun verða notað áfram. Félögin tilnefna tengilið við mótanefnd og skila inn gátlista fyrir mót. Í flestum tilfellum stóðu félögin sig vel og komu umbeðnum upplýsingum til skrifstofu og mótanefndar í tæka tíð.

Alpagreinar.

Í vetur var keppt eftir breyttri aldursflokkaskiptingu FIS sem tók gildi fyrir veturinn. Þessi breyting gerði það að verkun að í vetur kepptu sömu aldursflokkar saman eins og síðasta vetur og engir fóru upp á milli flokka í 14-15 og 16-17 ára. Að sama skapi bíða þeir sem eru 13 ára í eitt ár eftir að komast upp í unglingsflokkinn. Með breytingunum á aldursflokkaskiptingum í alpagreinum, þá var meistaramót í flokki 11-12 ára tekið út af

mótaskrá. 12-13 ára og 14-15 ára kepptu á UMÍ og 16 ára og eldri á SMÍ. Nokkur fækkun er í bæði 14-15 ára flokki og 16 ára og eldri sem skýrist að hluta af umræddum breytingum sem ætla mætti að jafnaði sig að hluta á næsta keppnistímabili. Mótataflan var síðan gefin út seinnipart sumars og var til umræðu á formannafundi haustið 2012. Nokkrar umræður urðu á fundinum um mótatöfluna. Þær breytingar voru gerðar að fallið var frá því að fyrsta mót vetrarins í alpagreinum sem hefð er fyrir að er FIS mót í Hlíðarfjalli var ekki bikarmót eins og verið hefur síðustu ár. Eins og fram hefur komið síðustu ár var ástæðan fyrir því að fyrsta bikarmótið var sett á samhliða FIS móti í desember sú að við höfum átt í mesta basli við að ná að klára bikarmótaröðina á vertíðinni. Það hefur komið til vegna veðurs, snjóleysis og verkefna erlendis á vegum SKI. Í vetur hefði verið góður kostur að umrætt mót í desember hefði verið bikarmót því á tímabili stefndi í að ekki tækist að klára bikarmótaröðina að fullu en það slapp fyrir horn. Bikar og FIS mótið sem fram átti að fara í Oddskarði var slegið af eftir tilraun til að keyra mótið. Í framhaldi af því var ákveðið að keyra 3 greinar á mótunum á Dalvík og Reykjavík. Ekki voru það snjóalög sem gerðu okkur lífið leitt, heldur veðurfarið sem leiddi af sér tilfærslur móta bæði í 14-15 ára flokki og hjá 16 ára og eldri. Skíðamót Íslands fór fram á Ísafirði og Unglingameistaramótið var í Oddskarði. Vel tókst til á báðum stöðum og fóru mótin vel fram.

38 Andrésar Andar leikarnir fóru fram í Hlíðarfjalli dagana 25-27.apríl. 700 keppendur voru á mótinu sem er svipaður fjöldi og á síðustu leikum. Keppt var á brettum í annað skipti á leikunum og voru keppendur um 70. Aðstæður voru frekar erfiðar vegna veðurs þetta árið og brugðu mótshaldar til þess ráðs og klára allar keppnir á föstudeginum og var leiknum slitið þá um kvöldið

16 ára og eldri, bikar og FIS mót.

FIS í Hlíðarfjalli 28-29 desember. 1 x GS og 1 x SL

FIS og bikarmót í Hlíðarfjalli 12-13 Janúar. 1 x GS og 1x SL

FIS og bikarmót í Bláfjöllum 9-10 mars. 2 x GS og 1 x GS. GS mótið var eingöngu bikarmót

FIS og bikarmót á Dalvík 16-17 mars. 2 x GS og 1 x SL

Skíðamót Íslands á Ísafirði 5-7 apríl. 1 x GS, 1 x SL og samhliðasvig

Icelandair Cup í Reykjavík 9-10 apríl. 2 x SL

Bikarmót á Akureyri 2-3 febrúar. 1 x GS og 1 x SL. Mótið fór fram á Dalvík

Bikarmót á Akureyri 23-24 febrúar. 1 x GS og 1 x SL.

Bikarmót á Dalvík 2-3 mars. 1 x GS og 1 x SL.

Unglingameistaramót Íslands í Oddskarið 22-24 mars. 1 x GS, 1 x SL og samhliðasvig

Andrésar Andarleikarnir í Hlíðarfjalli dagana 25-27.apríl.

Skíðaganga.

Bikarmót SKÍ voru þrjú í vetur líkt og síðustu ár þ.e. hvert mót með þremur keppnisdögum og keppt í flokkum 13-14 ára, 15-16 ára, 17-19 ára og 20 ára og eldri. Fyrsta mótið fór fram á Ísafirði helgina 11.-13. janúar og gekk það mót vel fyrir sig. Helgina 11.-13 febrúar var bikarmót á Ólafsfirði, og var Íslandsganga þeirra Ólafsfirðinga haldin með bikarmótinu á laugardeginum og mæltist það ágætlega fyrir. Að lokum var komið að bikarmóti á Akureyri 8.-10.mars sem jafnframt var Íslandsmeistarmót í velngri vegalengdum. UMÍ fór fram í Oddskarði 22.-24.mars og gekk keppni þar vel fyrir sig, en því miður voru keppendur frekar fáir og SMÍ á Ísafirði dagana 5.-7.apríl við góðar aðstæður. Andrésar Andarleikarnir fóru svo fram í apríl og var öll keppni í skíðagöngu gengin á tveimur dögum í stað þriggja því veðurspáin var mjög slæm fyrir laugardaginn.

Íslandsgangan, fór fram í vetur með sex göngum og fór fyrsta gangan fram á Akureyri í lok janúar, því næst var Bláfjallagan á dagskrá, en henni þurfti að fresta vegna slæmrar veðurspár, en hún fór svo fram 15.febrúar við ágætar aðstæður. Fjarðargangan á Ólafsfirði var þriðja í röðinni og fór hún fram samhliða bikarmóti þeirra Ólafsfirðinga. Um miðjan mars var svo Standsgangan haldin í nágrenni Hól mavíkur, Orkugangan á Húsavík átti að fara fram 13.apríl en vegna veðurs var henni frestað og var hún gengin viku seinna eða 20.apríl. Að lokum fór svo Fossavatnsgangan fram 4.maí og og voru þátttakendur 344 frá 15 þjóðlöndum, er því greinilegt að Ísfirðingar hafa unnið gott starf til að breiða út hróður Fossavatnsgöngunnar.

Bretti.

Brettanefndin stóð fyrir þremur mótum í vetur. Bretta og bikarmót sem haldið var á Akureyri í febrúar og annað bretta og bikarmót í Bláföllum sem varð að fresta um eina helgi í mars en kom það ekki að sök. Snjóbrettaiðkendur tóku einnig þátt í Andrésar Andarleikunum. Þar voru rétt um 70 skráðir til leiks frá SKA, Breiðablik, Fjarðabyggð, Siglufirði, Ísafirði, og Tindastóli en það var í annað sinn sem keppt var á snjóbrettum á þessum leikum.

Fyrir hönd mótanefndar SKÍ

Óskar Óskarsson formaður